



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar Nóvember 2021 – nóvember 2026



Staður, mánuður, ár	Skýrslugerð	Útgáfa/endurskoðun
Nóvember 2021	Valgeir Magnússon, slökkviliðsstjóri	Útg. 2. 2021



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Forsendur – Áhættumat	9
2. Þjónustustig	18
2.1 Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss	18
2.2 Slökkvistarf innanhúss og reykköfun	18
2.3 Björgun fólks með klippum, glennum og öðrum útbúnaði, m.a. úrbíflökum	18
2.4 Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun	18
2.5 Eldvarnaeftirlit	18
2.6 Önnur þjónusta	19
2.6.1 Dælingar	19
2.6.2 Slökkvitækjaþjónusta	19
2.6.3 Öryggisvöktun	19
2.6.4 Þjónusta við önnur brunavarnarsvæði	19
2.6.5 Slökkvistörf í skipum	19
3. Skipulag slökkviliðs	20
3.1 Helstu verkefni daglegrar yfirstjórnunar	21
3.2 Verkefni slökkviliðs	21
3.3 Forvarnastarf	22
3.4 Útkallsstarf	23
3.5 Annað	24
4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð	25
4.1 Viðvaranir og upplýsingagjöf	25
4.2 Svar- og greiningartími	25
4.3 Boðunartími	25
4.4 Virkjunartími	25
4.5 Viðbragðstími	26
5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður	27
5.1 Húsnæði	27
5.2 Bifreiðar	27
5.3 Önnur tæki	27
5.4 Búnaður	27



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

5.5	Fjarskipti	28
5.6	Viðvörunarbúnaður	28
5.7	Æfingasvæði	28
5.8	Annað	28
6.	Landupplýsingar	29
7.	Vatnsból og brunahanar	29
8.	Sérstakar bruna- eða mengunarhættur.....	30
9.	Hafnir og mörk þeirra	31
10.	Samkomulag, samningar og samningapörf	33
11.	Annað	33
12.	Tillögur til úrbóta og framkvæmdaáætlun	34
12.1	Húsnæði og aðstaða	34
12.2	Bifreiðar	34
12.3	Menntun og búnaður.....	34
12.4	Framkvæmdaáætlun	35
12.5	Dreifilisti	37
12.6	Heimildir	37
13.	Viðaukar/fylgiskjöl með Brunavarnaáætlun	38
13.1	Útkallstími.....	39
13.2	Útkallssvæði / Vatnsverndarsvæði	40
13.3	Skoðunarskylda eldvarnaeftirlits	41
13.4	Staða menntunar slökkviliðsmanna SG.	43
13.5	Æfingaáætlun fyrir SG.....	44
13.6	Grundarfjarðarhöfn	45
13.6.a	Mengunarvarnaáætlun Grundarfjarðarhafnar	45
13.7	Samstarfssamningar	47
13.8	Búnaðarlisti.....	51
13.8.1	Hlífðarfatnaður	51
13.8.2	Fjarskiptabúnaður	53
13.8.3	Slöngur og barkar.....	54
13.8.4	Stútar	54
13.8.5	Blásarar.....	55
13.8.6	Froðuefni / froðubúnaður	55



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

13.8.7	Stigar	55
13.8.8	Rafstöðvar	55
13.8.9	Mengunarslysabúnaður.....	55
13.8.10	Slökkvitæki.....	56
13.8.11	Björgunarbúnaður	56
13.8.12	Reykköfunarbúnaður	57
13.8.13	Lausar dælur	57
13.9	Brunaáhættur	58



Inngangur

Í 13. gr. [laga um brunavarnir nr. 75/2000 m.s.br.](#) sem tóku gildi 1. janúar 2001 segir:

Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur samþykki Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun gefur út leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar.

Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórn og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í hverju sveitarfélagi. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins að fá upplýsingar um skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélaginu.

Markmið brunavarnaáætlunar

Leiðarljós Slökkviliðs Grundarfjarðar, hér eftir skammstafað „SG“, með þessari brunavarnaáætlun er að uppfylla markmið [laga um brunavarnir nr. 75/2000 m.s.br.:](#)

... að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit, forvarnir og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi.

Markmið brunavarnaáætlunar er því eins og segir í 1. mgr. 13. gr. [laga um brunavarnir nr. 75/2000 m.s.br.:](#)

Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur samþykki Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Jafnframt er eitt af meginmarkmiðum SG með þessari brunavarnaáætlun að skilgreina fyrir íbúum þjónustusvæðisins á aðgengilegan máta hvaða þjónustustig er veitt og hvernig.



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

Gerð og endurskoðun brunavarnaáætlunar

Í [lögum um brunavarnir nr. 75/2000 m.s.br.](#), 5. mgr. 16. gr., segir:

Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.

Brunavarnaáætlun þessi er unnin af slökkviliðsstjóra SG, Valgeiri Þór Magnússyni, eftir leiðbeiningum sem Mannvirkjastofnun gefur út.

Bæjarstjóri og byggingarfulltrúi Grundarfjarðarbæjar fengu áætlunina einnig til yfirlestrar og er hún yfirfarin af bæjarstjóra. Áætlunin var samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar 11. maí 2021.

Við gerð brunavarnaáætlunar á að gera áhættumat, bæði við almennar aðstæður og almannavarnaaðstæður, sem er mikilvægt upphafsgildi þegar brunavarnaáætlun er samin eða endurskoðuð. Ekki er til áhættumat fyrir svæðið í heild sinni en unnið er að því.

Niðurstöður úr þessum áætlunum eiga m.a. að leiða í ljós hvort:

- Tækjakostur slökkviliðsins sé nægjanlegur til að uppfylla þjónustustig liðsins
- Fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra og menntun sé nægjanleg til að uppfylla kröfur um þjónustustig liðsins.
- Nægjanlegt slökkvivatn sé fyrir hendi til slökkvistarfa.
- Slökkvistöð liðsins uppfylli þarfir liðsins út frá þjónustustigi liðsins.

Komi í ljós að úrbóta sé þörf geta aðgerðir falist í að:

- Endurnýja eða fjölga slökkvibílum, dælum eða bæta annan tækjakost slökkviliðsins.
- Bæta aðstöðu slökkviliðsins, fjölga í slökkviliðinu, auka menntun og þjálfun slökkviliðsins, setja upp bakvaktir eða fastar vaktir.
- Tryggja aðstoð, t.d. frá öðru slökkviliði eða björgunarsveit, með samstarfssamningum.
- Auðvelda vatnsöflun í sveitarfélaginu, t.d. með fjölgun brunahana.
- Gera áætlun um endurnýjun og afskriftir á búnaði slökkviliðsins.

Brunavarnaáætlunin á einnig að skilgreina hvað sé eðlilegt rekstrarfé fyrir SG. Skrá er til um búnað liðsins og miðað er við afskriftarreglur sveitarfélagsins og reglur framleiðenda og reglugerða. Með því móti fæst mynd af þeirri fjárhæð sem árlega er nauðsynleg til að halda tækjabúnaði í horfinu.



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar



Forsendur fyrir brunavarnaáætlun má einnig finna í:

- Áætlunum fyrir umhverfis- og skipulagsmál í sveitarfélaginu, m.a. aðalskipulagi.
- Öðrum gögnum, svo sem lögum, reglugerðum og samningum sveitarfélaga ásamt útkallsskýrslugrunni eldvarnaeftirlits.

Helstu breytingar á starfssvæði SG, sem áhrif hafa á starfsemi þess og eru fyrirsjáanlegar innan næstu fimm ára, koma fram í brunavarnaáætluninni.

Endurskoðun brunavarnaáætlunar

Samkvæmt 13. gr. [laga um brunavarnir nr. 75/2000 m.s.br.](#) skal brunavarnaáætlun endurskoðast a.m.k. á 5 árafresti frá því að hún var samþykkt:

Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki.

Ef veigamiklar breytingar eru gerðar á gildandi brunavarnaáætlun skal hún endurskoðast þrátt fyrir að ekki séu liðin fimm ár frá samþykkt hennar.

Samráð við gerð brunavarnaáætlunar

Við setningu upphaflegrar áætlunar, 2015, var eftirtöldum aðilum gefinn kostur á að koma á framfæri atriðum sem nýst gætu við gerð brunavarnaáætlunar SG.

- Yfirlögregluþjónn
- Sýslumaður Snæfellsness
- Neyðarlínan



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
- Slökkviliðsstjórinn í Snæfellsbæ
- Slökkviliðsstjórinn í Stykkishólmi
- Heilbrigðisfulltrúi Vesturlands
- Heilsugæslan í Grundarfirði
- Byggingarfulltrúi Grundarfjarðarbæjar

Samþykkt og kynning brunavarnaáætlunar

Brunavarnaáætlun þessi er gerð fyrir starfssvæði Slökkviliðs Grundarfjarðar (SG) samkvæmt [lögum um brunavarnir nr. 75/2000 m.s.br.](#) sem tóku gildi 1. janúar 2001.

Í 13. grein laganna segir:

Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur samþykki Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og hjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun gefur út leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar.

Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórnun og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í hverju sveitarfélagi. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins að fá upplýsingar um veitta þjónustu, skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélaginu.

Framkvæmd brunavarnaáætlunar er ætíð háð fjárveitingum sem Slökkvilið Grundarfjarðar hefur í fjárhagsáætlun fyrir hvert fjárhagsár. Slökkviliðsstjóri gerir fjárhagsáætlun fyrir SG og leggur til við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

Grundarfirði _____

F.h Slökkviliðs Grundarfjarðar

F. h. Grundarfjarðarbæjar

F. h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

1. Forsendur – Áhættumat

Hér verður gefið yfirlit yfir helstu staði eða fyrirtæki þar sem mest hættu er á slysum eða tjóni vegna bruna, sprenginga eða mengunar.

Einföld skilgreining á áhættu er margfeldi líkinda á og afleiðinga af einstökum atburði, þ.e.a.s. samkvæmt sambandinu

$$\text{Áhætta} = \text{líkindi} \times \text{afleiðing}$$

Hér verður áhættugreining fyrst og fremst byggð á huglægu mati sem byggir á þekkingu og reynslu slökkviliðsstjóra, ekki er byggt á tölfræði og útreikningi.

Slökkviliðsáætlanir voru unnar árið 2018 fyrir Grundarfjarðarbæ.

Mengunarvarnaáætlun er ekki til í dag fyrir stærri áhættur innan starfssvæðisins en unnið er að þeim á vegum sameiginlegs starfsmanns Almannavarnanefndar Vesturlands.

Áhætta á starfssvæði SG er mismunandi og hafa verður í huga stærð og getu slökkviliðsins. Þess ber að geta að SG mun leita eftir aðstoð nágrannasveitarfélaga (skv. samstarfssamningi, [viðauki 13.7.](#)) ef upp kemur vó í neðangreindum byggingum.

Áhættustig sem slökkvilið ræður við:

Áhættustig 3

1	1,1-2,0	2,1-3,0	3,1-4,0	4,1-5,0
Áhættustig 1	Áhættustig 2	Áhættustig 3	Áhættustig 4	Áhættustig 5
1 eining 1 dælubíll 3000l 5 menn	2 einingar 2 dælubílar 6000l 6-10 menn	3 til 4 einingar 3 dælubílar 9000l 10-18 menn	5-8 einingar 4 dælubílar 12000l-17000l Lausar dælur 700l-1400l 18-25 menn Samhæfingarstöð sett í viðbragð	8+ einingar 5-8 dælub. 15000-24000l Aðstoð frá öðrum 25+ menn Samhæfingarstöð virkjuð



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

Grundarfjarðarbær	Áhættumat					
	Líkur	Afleiðing	Áhætta	vægi	áh * vægi	Áhættustig
Starfsemi						
Álfasteinn	2	2	2	0,82	1,64	Áhættustig 2
Berg Horsefarm life 1-3	2	2	2	0,84	1,68	Áhættustig 2
Bjargarsteinn Mathús	3	2	2,38	0,82	1,9516	Áhættustig 2
Bjarg apartments	2	2	2	0,82	1,64	Áhættustig 2
Dísarbyggð	2	2	2,38	0,88	2,0944	Áhættustig 2
Djúpiklettur	2	2	2,77	0,78	2,1606	Áhættustig 3
Eiði Gisting	2	2	2,38	0,88	2,0944	Áhættustig 2
Farfuglaheimili Grundarfjarðar	2	2	2,25	0,84	1,89	Áhættustig 2
Fellaskjól dvalarheimili	2	4	3	0,94	2,82	Áhættustig 3
Fellsendi gisting	2	2	2,38	0,88	2,0944	Áhættustig 2
Ferðapjónustan Setberg	2	2	2,38	0,9	2,142	Áhættustig 3
Ferðapjónustan Suður-Bár	2	2	2,38	0,9	2,142	Áhættustig 3
Fiskverkun G.Run ehf	3	5	2,25	0,96	2,16	Áhættustig 3
Fiskverkun S.C.	3	5	3,87	0,94	3,6378	Áhættustig 4
Fisk Seafood	3	5	3,87	0,8	3,096	Áhættustig 3
FSN	2	2	2,77	0,92	2,5484	Áhættustig 3
Gamla pósthúsið	2	2	3	0,86	2,58	Áhættustig 3
Grásteinn smáhýsi	2	2	2	0,86	1,72	Áhættustig 2
Grf bed and breakfast	2	2	2,38	0,86	2,0468	Áhættustig 2
Grundargata 43 gisting	2	2	2,38	0,84	1,9992	Áhættustig 2
Grundargata 55 gisting	2	2	2,38	0,82	1,9516	Áhættustig 2
Grunnskóli Grundarfjarðar	2	4	3	0,92	2,76	Áhættustig 3
Guest house and apartments	2	2	2,77	0,88	2,4376	Áhættustig 3
Hamrahlíð 9	2	2	2,38	0,8	1,904	Áhættustig 2
Hálsaból	2	2	2,38	0,86	2,0468	Áhættustig 2
Hellnafell gisting	2	2	2,38	0,84	1,9992	Áhættustig 2
Kaffi 59	2	3	3	0,88	2,64	Áhættustig 3
Kirkjufell guesthouse	2	2	2,77	0,9	2,493	Áhættustig 3
Lárperla	2	2	2,38	0,84	1,9992	Áhættustig 2
Maria's apartment	2	2	2,38	0,76	1,8088	Áhættustig 2
Nónsteinn smáhýsi	2	2	2	0,84	1,68	Áhættustig 2
Ragnar og Ásgeir	3	4	3	0,8	2,4	Áhættustig 3
Samkaup	2	4	3	0,86	2,58	Áhættustig 3
Samkomuhús Grundarfjarðar	2	2	2,77	0,9	2,493	Áhættustig 3
Snæis	2	4	2,77	0,74	2,0498	Áhættustig 2
Snæpvottur	2	4	3	0,8	2,4	Áhættustig 3
Sólvellir Leikskóli	2	2	2,38	0,94	2,2372	Áhættustig 3
Sæból	2	2	2,38	0,8	1,904	Áhættustig 2
Vélsmiðja Grundarfjarðar	2	3	3	0,8	2,4	Áhættustig 3



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

Áhætta	Aðstæður	Úrbætur sem þarf að gera
Álfasteinn, Mýrum	Að mestu bygging úr timbri. Tekur slökkviliðið um 20 mín að komast á staðinn. Ekkert slökkvivatn er á staðnum. Gestir ættu að komast út af eigin ramleik. Eigandi er með eftirlitskerfi.	Huga þarf að aðkomu fyrir stóra bíla á staðnum, þ.e.a.s. þegar bæði tankbíll og dælubíll eru komnir á staðinn. One seven ¹ væri kostur, einnig er þörf á því fyrir slökkviliðið að eiga sundlaug ² .
Berg Horsefarm 1-3	Þrjú timbursumarhús frístandandi með gott millibil. Tekur slökkviliðið um 25 mín að komast á staðinn. Lítið slökkvivatn er á staðnum. Gestir ættu að komast út af eigin rammleik.	Huga þarf að aðkomu fyrir stóra bíla á staðnum, þ.e.a.s. þegar bæði tankbíll og dælubíll eru komnir á staðinn. Gott væri fyrir eiganda að hafa wífi tengdan reykskynjara eða brunaviðvörðunarkerfi. One seven væri kostur, einnig er þörf á að eignast sundlaug.
Bjargarsteinn Mathús Sólvalldum 15	Mjög gamalt timburhús sem flutt var á staðinn. Brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu. Gestir ættu að komast út af eigin rammleik.	Þarf að setja fram hámark gestafjölda við samkomur.
Bjarg apartments Grundargata 43 Grundargata 55 Hamrahlíð 9 Lárperla og Sæból María's apartment	Þessi eru öll minni gististaðir þar sem gestir ættu að geta komist út af eigin rammleik.	Gott væri fyrir eigendur að hafa a.m.k. einn wífi tengdan reykskynjara.
Dísarbyggð, Þórdísarstöðum	Þar eru 10 smáhýsi sem standa saman tvö og tvö. Gestir ættu að komast út af eigin rammleik. Lítið eða ekkert slökkvivatn er á staðnum. Útkallstími er ca. 25 mínútur.	Huga þarf að aðkomu fyrir stóra bíla, þ.e.a.s. dælubíl og tankbíl. Gott væri fyrir umsjónarmann að hafa brunaviðvörðunarkerfi eða wífi-tengdan reykskynjara í hverju húsi. One seven væri kostur. Einnig er þörf á að eignast sundlaug.
Djúpiklettur, fiskmarkaður Norðurgarði	Byggingin er stálgrindarhús sem stendur á hafnarsvæðinu. Húsið telst eitt brunahólf. Mesta hættan er hleðsla rafmagnslyftara.	Húsið sendur á hafnarsvæði sem er frekar þéttbyggt. Þarna væri kostur að vera með one seven til að verja aðrar byggingar. Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi væri kostur til að lágmarka tjón.

¹ „One seven“ er slökkvikerfi, eitt af svokölluðum þrýstifroðukerfum sem sjöfaldar hvern lítra af slökkvivatni.

² „Sundlaug“ er ílát sem slökkvilið nota við slökkvistörf, til geymslu á slökkvivatni. Um væri að ræða búnað í eigu slökkviliðs.



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

Eiði, gisting	Húsið er frekar nýlegt timburhús. Gestir ættu að geta komist út af eigin rammleik. Slökkvivatn er takmarkað á staðnum. Útkallstími er ca. 20 mín.	Huga þarf að aðkomu stórra bíla, þ.e.a.s. dælubíll og tankbíll. Gott væri að hafa wifi-tengdan reykskynjara eða brunaviðvörðunarkerfi. One seven væri kostur, einnig er þörf á að eiga sundlaug.
Fangelsið Kvíabryggja	Húsin eru tvö, bæði steinhús. Annað er gamli forstöðumannsbústaðurinn með skrifstofu og einhverjum herbergjum, hitt er aðalbyggingin niður við sjávarbakkann. Það hús skiptist í 3 meginhólf; svefnálma/vaktrými, stofa og borðasalur/eldhús. Hér ættu allir að komast út.	Á Kvíabryggju er 24 tíma vakt og brunaviðvörðunarkerfi í báðum húsunum. Hér væri One seven kostur, einnig er þörf á að eiga sundlaug.
Farfuglaheimili Grundarfjarðar, Hlíðarvegi 15 og Borgarbraut 9	Byggingarnar eru gömul steinhús, annars vegar þrílyft og hins vegar tvílyft. Ekkert brunaviðvörðunarkerfi er í húsunum.	Sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi þarf að setja í byggingarnar til að takmarka tjón.
Fellaskjól, dvalar- og hjúkunarheimili, Borgarbraut 20	Húsið er steinsteypt og ætti að vera a.m.k. 3 aðalbrunahólf og svo herbergin sjálf brunahólf hvert fyrir sig. Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu. Hér fer enginn íbúi út af sjálfsdáðum.	<ol style="list-style-type: none">1. Hér þarf að klára öryggis- og lokaúttekt.2. Ganga frá brunahólfum.3. Endurnýja sjálfvirka viðvörðunarkerfið og tengja það í það minnsta bakvakt heimilisins. Hér þarf aðstoð nærliggjandi slökkviliða, björgunarsveita og Rauða krossins.
Fellsendi, gisting	Byggingin er frekar nýlegt tvílyft steinhús. Búðaá ytri rennur skammt frá húsinu og ætti þar að nást í slökkvivatn. Útkallstími er um 10 mín.	Huga þarf að aðkomu stórra bíla, þ.e.a.s. dælubíll og tankbíll. Gott væri að hafa wifi-tengdan reykskynjara. One seven væri kostur, einnig er þörf á að eignast sundlaug.
Ferðaþjónustan Setberg	Byggingin er timburhús sem upphaflega er byggt sem bílskúr og er mjög nálægt íbúðarhúsinu. Ekkert slökkvivatn er á staðnum. Útkallstími er ca. 20 mín.	Huga þarf að aðkomu stórra bíla, þ.e.a.s. dælubíll og tankbíll. Gott væri að hafa wifi-tengdan reykskynjara. One seven væri kostur, einnig er þörf á að eignast sundlaug.
Ferðaþjónustan Suður-Bár	Byggingarnar eru tvær. Önnur er gamalt steinhús sem hefur verið byggt við úr timbri, allt	Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi ætti að setja í byggingarnar til að takmarka tjón. Eða a.m.k. wifi-



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

	klætt með bárujárni. Við húsið er garðskáli. Hitt húsið er lítið tveggja íbúða timburhús. Lítið sem ekkert slökkvivatn er á staðnum.	tengda reykskynjara. Einnig þarf að huga að aðkomu stórra bíla, þ.e.a.s. dælubíll og tankbíll. One seven væri kostur, einnig er þörf á að eignast sundlaug.
Fiskverkun G.Run ehf., Sólvollum 2	Húsið er að stórum hluta nýtt eða nýupp gert. Húsið er bæði með sjálfvirkt slökkvikerfi og brunaviðvörðunarkerfi. Á hæðinni eru herbergi þar sem fólk býr (verbúð).	Aðstoð þarf frá nágrannaslökkviliðum.
Fiskverkun S.C., Borgarbraut 1	Byggingin er úr hinum ýmsu byggingarefnum, byggt á árunum 1954-1986. Það er að mestu leyti ein brunasamstæða og að mestu leyti nýtt sem fiskverkun og veiðarfærageymsla, fyrir utan efstu hæðina í nýja hlutanum sem eru íbúðir (verbúð).	Hólfa þarf húsið niður í brunahólf og setja sjálfvirkt slökkvikerfi (sprinkler) í húsið. Hér þarf aðstoð frá nágrannaslökkviliðum.
Fisk Seafood, Nesvegi 4	Bygging er steinsteypt og byggð í nokkrum áföngum, frá 1941-1985, og er skipt í 3 meginhólf. Í húsinu var rekin fiskvinnsla, en í dag er fiskmarkaður í smáhluta þess, en að öðru leyti stendur húsið autt.	Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu að hluta en mætti ná til þess alls. Einnig er sjálfvirkt slökkvikerfi nauðsynlegt í þessa stærð af húsnæði. Hér þarf aðstoð frá nágrannaslökkviliðum.
Fjölbrautaskóli Snæfellinga, FSN Grundargötu 44	Byggingin er steinsteypt, einangruð með steinull og báruðu stáli, byggt árið 2004. Þök eru úr strengjasteyptum einingum, tvöfaldur trefjastyrkur. Byggingin er teiknuð sem sex brunasamstæður en hurðir í brunasamstæðuskilum hafa ekki fengið vottun.	Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu. Kostur væri ef það næði í lagnakjallara líka. Hér þarf aðstoð nágrannaslökkviliða.
Gamla pósthúsið, Grundargötu 50	Steinsteypt hús uppá þrjár hæðir sem ættu að vera brunahólf, hver fyrir sig. Þarf að skoðast. Gestir ættu að geta komist út af eigin rammleik.	Brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu en það þarf að tengjast vaktstöð. Mögulega þarf hér aðstoð frá nágrannaslökkviliðum.
Grásteinn, smáhýsi, Mýrum	Að Mýrum eru tvö smáhýsi sem eru með gistingu fyrir tvo gesti hvort. Húsin eru timburhús og gestir ættu að	Wifi-reykskynjari væri kostur fyrir eiganda til að lágmarka tjón.



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

	komast út af eigin rammleik. Útkallstími 20 mín.	Skoða þarf aðgengi stórra bíla. One seven væri kostur, einnig væri gott að hafa sundlaug.
Grundarfjarðarhöfn	Grundarfjarðarhöfn er fiskiskipa-, farþegaskipa olíuhöfn og uppskipunarhöfn. Helstu hættur eru bruni eða mengun í/eða frá fiskiskipi/fragtskipi.	Takmarkaður búnaður er á staðnum varðandi mengun, samningur er við SHS um aðstoð við mengunaróhöpp. Sjá fylgiskjal 13.6.b Einnig er viðbragðsáætlun hafnarinnar. Sjá fylgiskjal.13.6.a.
Grundarfjörður bed and breakfast, Nesvegi 5	Byggingin er gamalt steinhús á tveimur hæðum. Á efri hæðinni er gistiheimili og svo suðurendi bílskúrs sem er líka gisting 2 sjálfstæð herbergi með sér inngangi. Á neðri hæð hússins er veitingastaður. Gestir ættu að komast út af eigin rammleik.	Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu. Hér eins og allstaðar annarstaðar væri kostur að hafa One seven vegna nálægðar við stórt fiskvinnsluhús Fisk Seafood, handan götunnar.
Grunnskóli Grundarfjarðar	Byggingin telst þrjár brunasamstæður. Byggingarnar eru frá 1960 – 1999 og svo íþróttahús sem er áfast með tengigangi. Í kjallara íþróttahúss eru tónlistarskóli og líkamsrækt.	Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu. Hér þarf aðstoð frá nágrannaslökkviliðum.
Guest house and apartments	Húsið er steinsteypt á tveimur hæðum og getur þetta talist fjögur brunahólf. Á efri hæðinni eru herbergi ásamt morgunverðaraðstöðu, á neðri hæðinni eru 5 litlar íbúðir ásamt geymslu og þvottaaðstöðu.	Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu. Hér gæti þurft aðstoð frá nágrannaslökkviliðum.
Hálsaból, Hálsi	Hjá Hálsabóli eru 2 timbur sumarhús sem standa rétt hjá hvort öðru, upp í brekku við afleggjarann heim að Hálsi. Útkallstími er ca.20 mínútur. Gestir ættu að komast út af eigin rammleik.	Hér er ekkert slökkvivatn og þarf að koma með þær bjargir sem til eru, þ.e.a.s. tankbíl og dælubíl en þarna er mjög þröngt og erfitt að athafna sig á stórum bílum. One seven væri kostur og sundlaug nauðsyn. Wifi-reykskynjari væri kostur fyrir eiganda.
Hellnafell gisting	Byggingin er steinhús sem er notað sem gisting. Húsið stendur á sjávarbakka. Útkallstíminn er 15 mín. Gestir ættu að komast út af eigin rammleik.	Hér er lítið um slökkvivatn nema sjórinn. Þarna væri kostur að hafa One seven og sundlaug nauðsyn. Wifi-reykskynjari væri kostur fyrir eiganda til að lágmarka tjón.
Kaffi 59, Grundargötu 59	Er steyp hús sem er byggt í tveimur hlutum, fyrst veitingasalurinn sjálfur og síðar	Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu. Kostur væri að hafa slökkvikerfi í háf í eldhúsi.



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

	viðbygging (bílskúrlíki) sem notað er sem eldhús. Gestir og starfsfólk ættu að komast út af eigin rammleik.	
Kirkjufell guesthouse, Grund guesthouse, Grund	Byggingarnar eru byggðar úr hinum ýmsu byggingarefnum. Uppgerð fjárhús sem eru gistihús og nýtt steinsteypthús. Grund er svo gamalt uppgert íbúðarhús með bílskúr. Gestir ættu að komast út af eigin rammleik.	Lítið er um slökkvivatn þrátt fyrir að Grundaráin renni rétt hjá, því töluverður hæðarmunur er niður að á. Hér væri kostur að hafa One seven, sundlaug nauðsyn, en gott aðgengi er fyrir stóra bíla.
Ragnar og Ásgeir flutningafyrirtæki, Sólvöllum 7	Húsið er stálgrindarhús. Á verkstæði er blönduð starfsemi, þar sem eitthvað er geymt af dekkjum, þótt meginþorri þeirra sé geymdur úti við. Tengibygging er á milli meginbygginga og eru möguleg brunaskil. Í millibyggingu er pakkamóttaka. Hægt er að ganga yfir í hliðarbyggingu sem hýsir líkamsrækt eins og stendur.	Gashylki eru í húsinu sem þarf að huga að ef upp kemur eldur í húsinu. Olíutankur er staðsettur á lóð, upp við bygginguna austan til. Æskilegt væri að setja upp sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi.
Samkomuhús Grundarfjarðar	Byggingin er frá 1945 og svo stækkað 1980 og telst það eitt brunahólf. Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu.	Meginflóttaleiðir úr húsinu eru tvær. Af efri hæðinni eru flóttaleiðir einnig tvær, þar af önnur út um glugga. Greina þarf leyfilegan fjölda í húsinu.
Samkaup-Kjörbúðin	Byggingin er blanda af stálgrind og steinsteypu. Þar er líka Lyfja apótek og Vínbúðin. Lyfja og Vínbúðin eru með brunaviðvörðunarkerfi. Allir ættu að komast út af eigin rammleik.	Samkaup ætti að fá sér brunaviðvörðunarkerfi og passa uppá ruslasöfnun (bylgjupappi) á lager.
Snæís	Snæís er hús úr stálgrind, klædd með bærustáli og er sjálfvirk ísframleiðslustöð. Helsta áhætta er ammoníakleki.	
Snæþvottur	Húsið er límtréshús með íleiningum og telst vera eitt brunahólf. Ekki er sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi í húsinu.	Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi ætti að vera í húsinu til að lágmarka tjón ef kviknaði í.



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

	Helsta áhætta er olúketill sem er notaður til að búa til gufu.	
Sólvellir Leikskóli	Byggingin er timburhús með gifsklæðningu að innan og er húsið fjögur brunahólf.	Hér þurfa starfsmenn að vera með sín hlutverk á hreinu ef til rýmingar kemur vegna skjólstæðinga sinna sem ekki eru færir um að sjá um sig sjálfir.
Vélsmiðja Grundarfjarðar	Stálgrindarhús sem búið er að byggja við í suður og telst húsið tvö brunahólf; eldri hluti og svo nýrri hlutinn sem er rekið sem bílaverkstæði. Ekki er sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi í húsinu.	Gashylki eru í húsinu sem þarf að huga að, ef upp kemur eldur í húsinu. Æskilegt væri að setja upp sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi.
	Við öll stærri slys, hvort sem það eru eldsvoði, mengun eða annað, þarf að leita eftir aðstoð nágrannaslökkviliða.	
Bílslys	Slökkviliðið ræður við bílslys þar sem þarf að sinna 4 eða færri. Vegna rútuslyss eða minni langferðabifreiða þarf víðtæka aðstoð.	Rútuslys eða minni langferðabifreiðar þurfa aðstoð annarra. Nauðsyn getur verið á aðstoð þyrlu og sjúkraflutningsfólki frá nærliggjandi sveitarfélögum ásamt björgunarsveitum og læknum.
Olíubifreiðar	Slökkviliðið getur stöðvað leka og mengun sem hefur komist í jarðveg. Vatnsból gætu verið í hættu. Slökkviliðið ræður ekki við bruna í olíubifreið (tanki).	Varðandi meiriháttar mengun þarf aðstoð vegna upphreinsunar en hún er ekki í höndum slökkviliðs. Þarf að auka við froðubirgðir slökkviliðsins.
Gróðureldar	Gætu orðið í sinu eða mosa.	Slökkviliðið mun alltaf þurfa aðstoð frá nærliggjandi slökkviliðum og björgunarsveit. Sé umfang mikið þarf aðstoð þyrlu Landhelgisgæslunnar.

- | | |
|-------------------------------|------------------------------|
| 1. Grunnskóli Grundarfjarðar | Vegna nemenda og starfsfólks |
| 2. Íþróttahús | Vegna iðkenda og starfsfólks |
| 3. Fjölbautaskóli Snæfellinga | Vegna nemenda og starfsfólks |
| 4. Leikskólinn Sólvellir | Vegna nemenda og starfsfólks |
| 5. Samkomuhús bæjarins | Vegna samkomuhalds |
| 6. Dvalarheimilið Fellaskjól | Vegna íbúa og starfsfólks |



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

- | | |
|---|---|
| 7. Hótel Framnes | Vegna gesta og starfsfólks |
| 8. Olíubirgðastöð Olíudreifingar | Vegna olíuleka/elds/starfsfólks |
| 9. FISK Seafood, Grundarfirði
markverð starfsemi undanfarin misseri) | Vegna ammoníakleka og starfsfólks (ekki |
| 10. Fiskverkun Soffaníasar Cecilssonar | Vegna ammoníakleka og starfsfólks |
| 11. Guðmundur Runólfsson ehf. | Vegna ammoníakleka og starfsfólks |
| 12. Grundarfjarðarhöfn, skip og bátar | Vegna elds/mengunar/starfsfólks |
| 13. Kvíabryggja
starfsfólks | Vegna vistmanna og |

Ítarlisti ofangreindra áhættustaða er í viðauka nr. 13.9.



2. Þjónustustig

Þjónustu slökkviliða er skipt upp í sex meginþjónustuflokka:

2.1 Vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss

Slökkviliðið SG sinnir slökkvistarfi utanhúss. Allir slökkviliðsmenn SG fá þjálfun í vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss. Þjálfun skal vera í samræmi við 19. gr. [laga um brunavarnir nr. 75/2000 m.s.br.](#)

2.2 Slökkvistarfi innanhúss og reykköfun

Slökkvilið SG sinnir slökkvistarfi innanhúss og reykköfun. Þjálfun slökkviliðsmanna skal vera í samræmi við 19. gr. [laga um brunavarnir nr. 75/2000 m.s.br.](#), ásamt því að uppfylla skilyrði [reglugerðar um reykköfun nr. 1088/2013](#). Þar kemur fram að fjöldi verklegra æfinga í reykköfun hjá slökkviliðum skuli vera að lágmarki sex á hverju ári og tímalengd þeirra að lágmarki samtals 25 klst.

2.3 Björgun fólks með klippum, glenum og öðrum útbúnaði, m.a. úr bílflökum

Slökkvilið sinnir björgun úr fastklemmdri aðstöðu. Í Grundarfirði eru til staðar björgunartæki til björgunar, m.a. úr bílflökum. Einnig er slíkur búnaður hjá nágrannasveitarfélögum og til þeirra leitað sé þörf á því. Samstarfssamningur er um gagnkvæma aðstoð í stærri vá.

2.4 Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun

Slökkviliðið sinnir útköllum tengdum mengunar- og efnaslysum. Slökkviliðin á Snæfellsnesi eiga sameiginlega kerru með grunnmengunarvarnabúnaði. Búnaðurinn samanstendur af tveimur eiturefnagöllum (útrunnið) og skoltjaldi ásamt uppsogsbúnaði. Sá búnaður er hugsaður til fyrstu aðgerða til að bregðast við minniháttar óhöppum, s.s. olíu- og ammoníaklekum. Samstarf er á milli slökkviliðanna á Vesturlandi en ljóst er að ef umfang mengunar-/efnaslyss á svæðinu er umfram getu þessa búnaðar verður kallað eftir frekari aðstoð í gegnum Neyðarlínu/samhæfingarstöð og þá horft til aukins búnaðar og mannafla af höfuðborgarsvæðinu (SHS) en gerður hefur verið samningur við SHS þar um, sbr. fylgiskjal undir lið nr. 13.7.

2.5 Eldvarnaeftirlit

Slökkviliðið sinnir eldvarnaeftirliti skv. lögum. Eldvarnaeftirlit skal vera í samræmi við [lög um brunavarnir nr. 75/2000 m.s.br.](#) og [reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017](#).

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri sjá um eldvarnaeftirlit og notast er við Brunavörð til þess.

Skoðunarskýrslur koma síðan inn á borð slökkviliðsstjóra SG sem sér um eftirfylgni í gegnum Brunavörð.



2.6 Önnur þjónusta

Sjúkraflutningar

Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilsugæslan í Grundarfirði, sér um sjúkraflutninga á svæðinu.

2.6.1 Dælingar

Slökkviliðið sinnir einnig þjónustu við íbúa sveitarfélagsins ef á þarf að halda, t.d. að hreinsa upp vatn vegna leka, annast dælingar úr skipum samkvæmt beiðni o.fl.

2.6.2 Slökkvitækjaþjónusta

Ekki er rekin slökkvitækjahleðsla í Grundarfirði. Íbúar geta leitað til aðila í Snæfellsbæ og Stykkishólmi.

2.6.3 Öryggisvöktun

Öryggisvöktun er framkvæmd í undantekningartilfellum vegna tækifærisleyfa vegna skemmtana í húsum sem ekki hafa tilskilin leyfi og vegna ýmissa annarra tilvika samkvæmt beiðni og/eða fyrirskipun slökkviliðsstjóra í samráði við byggingarfulltrúa.

2.6.4 Þjónusta við önnur brunavarnarsvæði

Í gildi er samstarfssamningur á milli slökkviliða (sjá [viðauka 13.7](#)).

2.6.5 Slökkvistörf í skipum


Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi í skipum og bátum á hafnarsvæði Grundarfjarðarhafnar. Að auki sinnir slökkviliðið viðbragði vegna mengunar á starfssvæði hafnarinnar á landi og er til samningur um það. (Sjá viðauka 13.6 og 13.7)

Komur skemmtiferðaskipa hafa verið að aukast með árunum. Um borð í skipunum eru fullkomin slökkvikerfi ásamt vel útbúnu viðbragðsteymi til slökkvistarfa. Skipsáhafnir eru með tíðar viðbragðsæfingar og því er geta og þekking þeirra mikil til að bregðast við áhættum um borð. SG sinnir aðstoð vegna óhappa um borð óski viðkomandi skipstjóri eftir því.



3. Skipulag slökkviliðs

Skipurit fyrir SG er samkvæmt mynd 1. Markmið með þessari skipan er að yfirbygging sé takmörkuð, að boðleiðir milli yfir- og undirmanna séu einfaldar og skýrar og að lipurt og gott upplýsingaflæði sé milli allra starfsmanna/íbúa.



Slökkviliðsstjóri heyrir beint undir bæjarstjóra. Með því fyrirkomulagi er tryggð skjót leið til ákvarðanatöku er varðar fjárhagslegar skuldbindingar liðsins. Undir slökkviliðsstjóra er útkallssvið, forvarnarsvið og síðan sjá slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri um skoðanir.

Varaslökkviliðsstjóri er staðgengill slökkviliðsstjóra í fjarveru hans. Einnig er varðstjóri sem stendur bakvaktir á móti slökkviliðsstjórum.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri sjá um lögboðnar eldvarnaeftirlitsskoðanir samkvæmt tíðnisrá. Skýrslur berast til slökkviliðsstjóra og er forritið Brunavörður notað.

Miðað er við að 17 almennir slökkviliðsmenn heyri undir útkallssvið auk þriggja stjórnenda, samtals 20 manns sem er lágmarksfjöldi slökkviliðsmanna fyrir slökkviliðið.



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

Slökkviliðsstjóri er í 100% starfi sem verkstjóri áhaldahúss hjá sveitarfélaginu og að auki 8% starfi sem slökkviliðsstjóri. Slökkviliðsstjórn er forgangsstarf og er ekki verið að horfa á starfshlutfall. Varaslökkviliðsstjóri er í 4% starfi, að auki eru um 18 skipaðir slökkviliðsmenn. Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri skipta með sér eldvarnaeftirliti og er það fyrir utan starfshlutfall. Samstarf er á milli lögreglu, björgunarsveita og slökkviliða á Snæfellsnesi. SG er hluti af almannavarnakerfi Vesturlands og sinnir þar brunavörnum og mengunavörnum. Björgunarsveitin Klakkur í Grundarfirði hefur 10 menn sem geta mætt með stuttum fyrirvara, en þar af eru þrír sem eru einnig í slökkviliðinu.

Slökkviliðsstjóri annast rekstur slökkviliðsins á grundvelli laga og reglugerða. Hann ber ábyrgð á daglegri yfirstjórn en í forföllum hans ber varaslökkviliðsstjóri þá ábyrgð, en skipar aðra staðgengla sína. SG flokkast undir slökkvilið þar sem íbúar eru undir 5000 og er því slökkvilið þar sem slökkviliðsmenn hafa ekki fasta viðveru á slökkvistöð en eru skyldugir að mæta í útköll eftir föstu vaktskipulagi (sjá 15. gr. reglugerðar 747/2018). Skipulagðar bakvaktir yfirmanna eru um helgar og skipta ofangreindir yfirmenn þeim á milli sín. Varðandi ákvæði reglugerðar um fastar bakvaktir slökkviliðsstjóra og staðgengils hans, þá er unnið að lausn á því atriði.

3.1 Helstu verkefni daglegrar yfirstjórnunar

- stjórna starfseminni, samræma og tryggja að öll svið slökkviliðsins vinni sem traust heild að þeim markmiðum sem því eru sett.
- sjá um áætlanagerð og fjárhagslegan rekstur slökkviliðsins og að tryggja að heildarstarfsemin sé innan ramma fjárhagsáætlunar.
- stuðla að góðri þjónustu gagnvart almenningi og fylgja eftir þörfum og breytingum samfélagsins.
- sjá til þess að starfsemin sé vel kynnt.
- stuðla að góðu samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni.
- vinna að því að búnaður liðsins, færni og menntun starfsmanna sé í samræmi við gildandi þjónustustig.
- stuðla að jákvæðum og framsæknum starfsanda sem hvetur einstaklinga til þess að ná settum markmiðum.
- sjá um gerð brunavarnaáætlunar og eftirfylgd hennar.
- Fagleg og rekstrarleg ábyrgð slökkviliðs er í höndum slökkviliðsstjóra.

3.2 Verkefni slökkviliðs

Allir starfsmenn SG eru færir um að sinna öllum þáttum slökkvistarfa, vatnsöflun bæði úr brunahönum og úr opnum vatnsbólum. Samningur er um flutning vatns á eldstað með haugsugu, sjá viðauka í kafla nr. 13.7. Slökkviliðið er fært um að sinna slökkvistarfi innanhúss sem utan, reykköfun, reyklosun og verðmætabjörgun ásamt slökkvistarfi vegna gróðurelda. Slökkviliðið sér um slökkvistarf í skipum og bátum sem bundin eru við bryggjur á hafnarvæði Grundarfjarðarhafnar. Slökkviliðið sinnir björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði. Slökkviliðið sinnir viðbragði við mengunarslysum og hefur til þess grunnmengunarbúnað sem er í eigu slökkviliðanna á Snæfellsnesi. Slökkviliðið sinnir eldvarnaeftirliti og fræðslu. Slökkviliðið sinnir aðstoð við nærliggjandi sveitarfélög skv. samningi þar um (sjá í viðauka nr. 13.7).

Þessum þáttum er sinnt frá slökkvistöð og æfingar miðaðar við að allir geti unnið þau störf í samræmi við þjónustustig, skipulag, menntun og þjálfun. Miðað er við að 17 slökkviliðsmenn og 3 stjórnendur séu í liðinu.



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

Viðbragðsáætlun vegna mengunarslysa er ekki klár en er í vinnslu sameiginlega á Vesturlandi. Slökkvilið Grundarfjarðar bregst í dag við og sinnir minniháttar mengunar- og eiturefnaóhöppum, þ.e. ef hreinsa þarf upp leka eftir umferðarslys, vinnuslys eða leki hefur komið að ílátum. Í umfangsmeiri óhöppum er kallað eftir aðstoð í gegnum Neyðarlínu/samhæfingarstöð og þá horft til nágrannasveitarfélaga og höfuðborgarsvæðisins, sbr. samning við SHS, sjá viðauka nr. 13.7.

Slökkviliðið sinnir aðstoð við slökkvistörf, björgun fólks úr fastklemmdri aðstöðu ásamt grunnviðbragði í mengunaróhöppum í nágrannasveitarfélögunum samkvæmt beiðni sem byggir á gagnkvæmum samningi þar um. Slökkviliðsstjóri ákveður hversu mikla aðstoð mögulegt er að veita hverju sinni út frá öryggi eigin brunavarnasvæðis.

3.3 Forvarnastarf

Dagleg umsýsla forvarnadeildar heyrir undir slökkviliðsstjóra.

Helstu verkefni forvarnadeildar eru:

- Eldvarnaeftirlitsskoðanir framkvæmdar af slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra
- Úttekt á skoðunarskyldum stöðum skv. reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit
- Skoðun teikninga bygginganefndar
- Umsögn vegna veitinga- og gististaða
- Fræðsla fyrir almenning um eldvarnir
- Fræðsla í skólum og fyrirtækjum um eldvarnir
- Slökkviliðsstjóri hefur rétt til setu á bygginganefndarfundum

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð forvarnadeildar er í höndum slökkviliðsstjóra. Framkvæmd eldvarnaeftirlitsskoðana er í dag hjá SG á ábyrgð slökkviliðsstjóra og ritar hann undir kröfur og úrbætur vegna eldvarna.

Sá sem sinnir eldvarnaeftirliti á að vera löggiltur eldvarnaeftirlitsmaður og skal hafa hlotið menntun á því sviði sem Eldvarnaeftirlitsmaður I, II og III hjá Brunamálaskólanum eða sambærilega menntun. Sama á við um þann aðila sem er yfir eftirlitinu. Endurmenntun skal vera í samræmi við áætlanir Brunamálaskólans. Eldvarnaeftirlitsmaður skal hafa fullgilda menntun í samræmi við [reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792/2001](#). Listi um skoðunarskylda staði er í listanum í [viðauka 13.3](#).

Endurmenntun er í samræmi við áætlanir Brunamálaskólans.



3.4 Útkallsstarf

Fagleg og rekstrarleg ábyrg á útkallsdeild er í höndum slökkviliðsstjóra. Krafa er að slökkviliðsstjóri hafi starfsréttindi samkvæmt 15. og 17. gr. [laga um brunavarnir nr. 75/2000 m.s.br.](#)

Varaslökkviliðsstjóri ber faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra og er varðstjóri við stjórnun á vettvangi.

Helstu verkefni eru að samhæfa búnað, menntun og þjálfun starfsmanna, þannig að þessir þættir samræmist þörfum liðsins sem og lögum og reglugerðum um brunavarnir hverju sinni í samræmi við þjónustustig. Mat er lagt á einstaka þætti starfseminnar og tillögur um þróun og úrbætur unnar út frá þeim. Tillögur að úrbótum eru lagðar fyrir bæjarstjóra, þær síðan ræddar í bæjarstjórn með tilliti til fjárhagsáætlana og til samþykktar. Framkvæmdaráætlun er í 12. kafla.

Helstu verkefni eru:

- slökkvistarf
- viðbrögð við umhverfisslysum
- björgun á fastklemmdu fólki í ökutækjum
- mengunarslys
- slökkvistarf í skipum
- þjálfun og æfingar
- dagleg umhirða húsnæðis, bifreiða og búnaðar
- björgunar- og slökkvistörf
- almannavarnir
- viðhald og prófanir á fjarskiptabúnaði
- æfingar og þjálfun starfsmanna

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð er í höndum slökkviliðsstjóra. Varaslökkviliðsstjóri ber faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra. Heildarfjöldi slökkviliðsmanna er 17 ásamt þremur stjórnendum.

Slökkviliðið sinnir vatnsöflun, slökkvistarfi utan- og innanhúss ásamt reykköfun og minni háttar mengunarslysum, s.s. olíuleka. Samstarfssamningur er við slökkviliðin á Vesturlandi um gagnkvæma aðstoð, sem og við SHS, sbr. viðauka 13.7.

- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 75% slökkviliðsmanna að vera með reykköfunarréttindi.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 60% slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til að vinna klippuvinnu.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 80% slökkviliðsmanna að hafa lokið grunnnámi hlutastarfandi slökkviliðsmanna.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 60% slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til starfa vegna mengunarslysa.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 75% slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til starfa vegna skipsbruna.

Allir slökkviliðsmenn fá þjálfun í að leysa sérhvert verkefni sem kemur inn á borð slökkviliðsins í samræmi við menntun, þjálfun og skilgreind þjónustustig samkvæmt 11. gr. [reglugerðar um Brunamálastólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792/2001](#) en þar segir m.a.:



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

„Slökkviliðsmenn, sem gegna hlutastarfi, sbr. 2. tölul. 2. gr., skulu hljóta menntun í samræmi við þá þjónustu sem slökkvilið skulu veita samkvæmt brunavarnaráætlun viðkomandi sveitarfélags.“

Þannig eiga slökkviliðsmenn að geta gengið í þau störf sem upp koma í samræmi við menntun, þjálfun og þjónustustig. Æfingar eru haldnar tvisvar sinnum í mánuði, 1. miðvikudag og 3. miðvikudag. Þrír æfingatímar falla út vegna sumarleyfa, það er júlímánuður og fyrsta æfing í ágúst ár hvert. Æfingar eru því að jafnaði 21 á hverju ári. Æfingar eru settar upp þannig að SG geti uppfyllt framsett þjónustustig. Jafnframt eiga æfingar að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram til reglulegra æfinga. Æfingaáætlun er að finna í viðauka nr. 13.5.

Slökkviliðið mun sinna menntun og símenntun starfsmanna í samræmi við kröfur Brunamálaskólans. Í dag hafa slökkviliðsmenn lokið bóklegu og verklegu námi skólans í fjarnámi, sbr. lista yfir menntun slökkviliðsmanna, sjá viðauka 13.4.

3.5 Annað

Samstarf er á milli slökkviliða á Vesturlandi skv. samningi. Markmið samningsins er að nýta þau tæki og þann mannafla sem slökkviliðin hafa yfir að ráða meðgagnkvæmri aðstoð við slökkvistörf ef um meiriháttar eldsvoða eða dreifibruna er að ræða. Aðilar samningsins (Slökkvilið Stykkishólms og nágrennis, Grundarfjarðar, Snæfellsbæjar, Dalabyggðar, Reykhólahrepps, Borgarbyggðar, Akraness og Hvalfjarðarsveitar) eru sammála um að veita aðstoð í samræmi við samkomulagið.

Samningurinn er í heild sinni í viðauka 13.7.

Einnig er samstarfsamningur við undirverktaka um haugsugu og dráttarvél í vatnsöflun í slökkvistarfi. (sjá viðauka 13.7)



4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð

Skrifstofa á slökkvistöð virkar sem staðarstjórnstöð í aðgerðum. Þar er tölva, sími, kortaupplýsingar og fleiri upplýsingar er tilheyra. Í sama húsi er einnig bæjarskrifstofan og aðstaða eignaumsjónar bæjarins sem samnýttist í stærri vá. SG er ekki með stjórnstöð í slökkvistöð. Neyðarsímsvörðun er í höndum Neyðarlínunnar sem hefur upplýsingar um alla slökkviliðsmenn og einnig sér hún um að kalla út slökkviliðið með SMS skilaboðum og símhringingum. SG er í TETRA samskiptum við neyðarlínu og eru þær stöðvar ferilvaktaðar. Hlutverk slökkviliðs í almannavá er skilgreint í neyðarskipulagi.

4.1 Viðvaranir og upplýsingagjöf

Viðvaranir til almennings eru gefnar út í samráði við Almannavarnir Vesturlands og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum almannavarna. Helstu viðburðir sem gætu krafist slíkra tilkynninga eru meiriháttar mengunarslys á svæðinu, t.d. meiriháttar brunni eða rýming hjá fiskverkunarfyrtækjum, hóteli, hjúkrunar- og dvalarheimili eða öðrum stað þar sem fjölmenni er saman komið. Hægt er að keyra um með sírenu og láta almenning þannig vita af yfirvofandi hættu.

4.2 Svar- og greiningartími

Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínu er meðal svartími 3.7 sek. og greiningartími er um 90 sek. en það fer eftir eðli útkallsins. Unnið er eftir greiningarkerfi Neyðarlínunnar. Slökkviliðsstjóri eða staðgengill hans bera ábyrgð á samskiptum við Neyðarlínuna og forsendum fyrir greiningu beiðna, ásamt því að uppfæra upplýsingar í „Björgum“ (rafrænu skráningarkerfi neyðarlínu) eftir þörfum.

4.3 Boðunartími

Eins og áður hefur komið fram sér Neyðarlínan um boðun slökkviliðsins með SMS skilaboðum og símhringingum. Boðunin er gerð samkvæmt fyrirmælum slökkviliðsstjóra. Viðmiðið sem notast er við er að fyrsti slökkvibíll skal vera kominn út úr stöð innan fimm mínútna, miðað við eðlilegar aðstæður, ef veður eða aðrar náttúruhamfarir hamla ekki. Slökkviliðsstjóri sér um að uppfæra boðleiðir slökkviliðsmanna. Björgunarsveitir sjá sjálfar um að uppfæra boðunarlista sinn í gegnum landstjórn björgunarsveita. Uppfærslur eru alltaf gerðar þegar breytingar verða á mannskap. Hjá slökkviliði er ekki gerður greinamunur á boðun slökkviliðs vegna almannavarnarástands eða annarra ástæðna.

4.4 Virkjunartími

Í slökkvistarfi er miðað við að vatn sé komið á stút innan 60 sek. frá því að dælubíll stöðvar við eldstað í þéttbýli. Er þessi ferill æfður og tímatekinn a.m.k. einu sinni á ári. Ljóst er að út frá reynslu þá eru að lágmarki komnir 5 menn á staðinn í fyrsta útkalli. Almennt er slökkvistarf komið í gang innan fjögurra mínútna frá því að slökkviliði kemur á staðinn.



4.5 Viðbragðstími

SG er hlutastarfandi slökkvilið og er því miðað við að fyrsti bíll sé farinn úr stöð innan fimm mínútna frá því að útkall berst.

Viðbragðstíma SG er skipt upp í tvö tímabelti og flokka. Í fyrsta tímabeltinu, flokk I, eru aðgerðir hafnar innan 10 mínútna frá boðun (grænt) og í tímabelti tvö, flokk II, eru aðgerðir hafnar innan 20 mínútna (gult) Þessi tímabelti eru sýnd á meðfylgjandi korti ([viðauki 13.1.](#)).



5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður

Allur búnaður slökkviliðsins er í eigu Slökkviliðs Grundarfjarðar og gildir fjárhagsáætlun sveitarfélagsins um þær. Afskriftir eru samkvæmt afskriftareglum sveitarfélagsins. Búnaður er afskrifaður í samræmi við reglur og leiðbeiningar framleiðanda. Samstarfssamningur er síðan við nágrennasveitarfélög um aðstoð í vá þegar frekari tækja og mannafla er þörf (sjá [viðauka 13.7 og 13.8.](#))

Áætlaður heildarrekstrarkostnaður SG er um 21.500.000.- á ári.

5.1 Húsnæði

Slökkvistöðin er að Borgarbraut 16, Grundarfirði, húsið var tekið í notkun árið 2000 og er 100 m²

Aðstaðan er í sama húsnæði og bæjarskrifstofur og áhaldahús (eignaumsjón) sveitarfélagsins. Aðstaðan er á neðrihæð og er steypur veggur að áhaldahúsi. Tvær stórar hurðir eru í aðstöðunni. Rými er fyrir einn dælubíl og annan lítinn. Í einu horninu er skrifstofuaðstaða og salerni. Einnig er aðstaða (opin skápahólf) fyrir fatnað slökkviliðsmanna. Brunaviðvörðunarkerfi er í öllu húsnæðinu.

Húsnæðið í heild sinni nýtist afar vel. Þar sem að áhaldahús er á sömu hæð, þar er tankbíllinn geymdur inni. Með því móti samnýtist sú aðstaða og búnaður SG þegar á þarf að halda. Bæjarskrifstofur eru einnig í sama húsi og nýtast þær sem stjórnstöð í stærri vá á svæðinu.

5.2 Bifreiðar

VOLVO FM12 árg. 2001, 4x4 með 3500 l vatnstank, 300 froðutankur, 150 léttvatnstankur og 3200 l/mín dælu. Í bílnum er 6Kw rafall. Bíllinn er í góðu ástandi.

Ford Econline árg 1992 4x4 ætlaður til mannflutninga og er með lausa dælu 1200 l/mín og sogbarka.

Iveco árg 1985 6x4 tankbíll með 12.000 lítra tank og lausri dælu.

5.3 Önnur tæki

Í útköllum er notast við tilfallandi bifreiðar til mannflutninga, samkvæmt [lögum um brunavarnir nr. 75/2000 m.s.br.](#) Samningur er um not á haugsugu í vatnsöflun (sjá viðauki 13.7).

5.4 Búnaður

Búnaður SG er flokkaður niður og skráður (sjá búnaðarlista í viðauka 13.8). Þar er fjallað umaldur búnaðar, gerð, lengdir og ástand.



5.5 Fjarskipti

Notast er við TETRA kerfið í samskiptum við neyðarlínu, lögreglu, sjúkraflutninga og björgunarsveitir. VHF fjarskipti á lokuðum rásum slökkviliðsins á vettvangi, notast er við endurvarpa almannavarna og björgunarsveita. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á að viðhald, endurnýjun og rekstur sé með eðlilegum hætti. Allir slökkviliðsmenn hafa GSM síma.

- Sjá fjarskiptaeign í viðauka 13.8.

Farsímar (vegna SMS boðunar) eru í eigu slökkviliðs og einkaeigu.

5.6 Viðvörðunarbúnaður

Sírenur á slökkvibifreiðum eru notaðar til að vara við vá.

Neyðarlína getur einnig sent út viðvörðun á alla farsíma á svæðinu í gegnum kerfi sín.

5.7 Æfingasvæði

Ekkert fast ákveðið æfingasvæðið er fyrir liðið.

Leitast er við að setja upp æfingar í tengslum við þá staði sem mest áhætta er í sveitarfélaginu.

SG á og nýtir æfingagám til reykköfunar sem keyptur var 2014.

5.8 Annað

Samstarfssamningur er við nágrannaslökkviliðin og geta þau bætt inn bæði dælubílum og mannskap til aðstoðar við SG. Það er ávallt ákvörðun hvers slökkviliðsstjóra hverju sinni hvaða tæki og mannskap hann er fær um að senda í aðstoð. Einnig hefur verið gerður samningur við aðila í sveitarfélaginu með haugsugu og dráttarvél til frekari vatnsöflunar þegar þörf er á.



6. Landupplýsingar

Landfræðilegt þjónustusvæði slökkviliðsins er allt sveitarfélagið og nær frá Hraunfirði í austri að sveitarfélagamörkum í Búlandshöfða í vestri.

Ekki er notast við neitt sérstakt leiðarkerfi á leið í útköll heldur eru slökkviliðsmenn almennt nokkuð kunnugir um héraðið og rata um vegi sveitarfélagsins en til taks eru í slökkviliðsbifreiðum landakort af svæðinu og er notast við þau ef á þarf að halda. Í slökkvibíl er mappa með grunnupplýsingum og staðhátarupplýsingum af sveitarbæjum og upplýsingum um vatnsból og helstu þætti, ásamt korti af dreifbýli og götukorti í þéttbýli. Slökkviliðsstjóri er ábyrgur fyrir því að uppfæra þessar upplýsingar.

7. Vatnsból og brunahanar

Þéttbýlið Grundarfjörður fær vatn úr vatnsbólínu (sjá kort í viðauka 13.2) á Grund. 23 brunahanar með vatnsþrýsting upp á 4 til 6 bör eru í bænum.

Viðhald vatnsveitu og þar með brunahana er í höndum Veitna ohf. Nánari upplýsingar er að finna hjá Veitum.

Aðgengi að vatni í dreifbýli er misjafnt, allt frá því að vera gott, þ.e. nóg vatn, í að vera slæmt eða ekkert vatn. Vegna þessa hefur verið gerður samningur við verktaka um notkun á 11.000 lítra haugsugu til vatnsöflunar (sjá samning í viðauka 13.7.). Í slökkvibílum er greinargóð upplýsingamappa með grunnupplýsingum, teikningum, myndum og staðhátarupplýsingum af sveitarbæjum og upplýsingum um vatnsból á hverjum stað fyrir sig.



8. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur

Sérstakar bruna- eða mengunarhættur er fjallað um í viðauka 13.9. Til er slökkvíáætlun fyrir öll stærri hús í Grundarfirði nema það á eftir að uppfæra frystihús G.Run og Dvalar- og hjúkrunarheimilis Fellaskjól vegna stækkunar og verður það gert síðar á árinu 2021. Fjarsvæði vatnsverndar í Grundarfirði er afmarkað þannig að það nær yfir allt yfirborð vatns sem fellur í Grundarbotn. Fjarsvæðismörkin liggja vestan við Grundarfoss upp Digramúla og í Smjörhnjúk. Frá Smjörhnjúki liggja mörkin um Kráku og þaðan í vestari eggjar Hvítahnjúks ofan Hróksdals. Mörkin liggja síðan í hátind Hvítahnjúks og yfir Lýsuskarð í annan Hvítahnjúk ofan Ófærugils. Frá Hvítahnjúk ofan Ófærugils liggja mörkin um fjallseggjar Háumanar að tindu þess sama fjalls og þaðan niður að brunnsvæðinu, sjá teikningu í viðauka 13.2. Engin mannvirki eru á fjarsvæðinu fyrir utan Grundarrétt og hætta á að fjarsvæði spillist er sáralítill.

Skilgreining á fjarsvæðum og takmarkanir eru tilgreindar í 13. gr. [reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999](#), sbr. breytingu með reglugerð nr. 533/2001.

Eftirfarandi svæði innan Grundarfjarðarbæjar eru á Náttúruminjaskrá án þess að vera friðlýst:

- Búlandshöfði (Landnotkunarreitir ÖN-1 í Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2019-2039)
 - Í Búlandshöfða frá Mávahlíð að Höfða eru merk setlög og jarðlög með steingerðum skeljum.
- Stöð (Brimlárhöfði) (Landnotkunarreitir ÖN-2 í Aðalskipulagi Grundarfjarðar)
 - Í austurhlíð fjallsins eru merk setlög og jarðlög með skeljum og blaðförum frá hlýskeyri á ísöld. Í Stöðinni má lesa loftslagssögu myndunartíma þeirra.
- Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn (Landnotkunarreitir ÖN-5 í Aðalskipulagi Grundarfjarðar)
 - Þetta svæði er í raun hluti af Helgafellssveit en snertir austasta hluta sveitarfélagsins. Svæðið í heild nær til Berserkjahrauns og Hraunsfjarðar innan Seljaodda ásamt Selvallavatni, Hraunsfjarðarvatni og Baulárvallavatni. Á svæðinu er stórbrotið apalhraun með gíghólum og sögumínum. Þarna er Berserkjagata og Berserkjadys, lífauðugar fjörur og veiðivötn.

Friðlýst æðarvarp er á þremur stöðum og er þannig tilgreint í Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2019-2039:

- Berserkseyri (ÖN-4 í Aðalskipulagi Grundarfjarðar)
 - Æðarvarp er á öllum Berserkseyraroddanum, svæðinu umhverfis Lómatjörn og með strandlengjunni austur að beitningarskúrnum. Friðlýst 13.4.2015, friðlýsing gildir til 2025.
- Naustáll og Akurtraðir (ÖN-3 í Aðalskipulagi Grundarfjarðar)
 - Svæðið afmarkastaf merkjum Naustáls og Norður-Bárar annars vegar og Akurtraða og Vatnabúða hins vegar, meðfram strandlengjunni og umhverfis Álavatn. Friðlýst 13.4.2015 og gildir friðlýsing til 2025. Fristundabyggð er skilgreind í nágrenni hins friðlýsta æðarvarps í landi jarðarinnar.
- Kolgrafir í Kolgrafarfirði (ÖN-6 í Aðalskipulagi Grundarfjarðar)
 - Friðlýst æðarvarp frá 25.4.2018-25.4.2028. Svæðið er samfellt land jarðarinnar vestan þjóðvegarins við Kolgrafarodda í norðri að Halli í suðri, en undanskilið er vegarstæði um þveran Kolgrafafjörð.



9. Hafnir og mörk þeirra

Grundarfjarðarhöfn er góð höfn af náttúrunnar hendi. Innsiglingin er mjög greið og aðkoma skipa inn í höfnina eins og best gerist. Höfnin flokkast sem meðalstór fiskihöfn. Markvisst hefur verið unnið að hafnarbótum á undangengnum árum, m.a. að aukningu viðlegurýmis.

- Norðurgarður
 - Fremst er viðlegukantur með um 130 metra viðlegu og 35 metra haus. Þar er 10 metra dýpi og vinnurými 4550 fermetrar.
Þar fyrir ofan er 100 metra viðlega með 8 metra dýpi og vinnurými er 4000 fermetrar. Þar fyrir ofan, efst við Norðurgarð, er 125 metra viðlega með 6,5 metra dýpi og 30 metrar með 4 metra dýpi. Á þessum 375 metra viðleguköntum er þrjú vatns- og rafmagnshús, öll með úrtaki fyrir brunaslöngur.
- Landfylling við Norðurgarð
 - Árið 2005 hófst undirbúningur að gerð landfyllingar við Norðurgarð en með þeirri framkvæmd varð til byggingarland á besta stað við höfnina. Á svæðinu, sem nú er nánast fullbyggt, hafa verið reistar byggingar eins og frystigeymsla Snæfrosts, hús Fiskmarkaðs Íslands og löndunarþjónusta Djúpakletts og geymsluhúsnæði Saltkaupa.
 - Á árinu 2021 er orðin til viðbótarlandfylling vestan Norðurgarðs, á austanverðu Framnesi. Þar skapast athafnarými sem ætlað er undir hafnsækna starfsemi.
- Miðgarður
 - Árið 2008 var tekin í notkun ný bryggja, 85 metra löng, fyrir viðlegu fiskiskipa. Bryggjan ber heitið Miðgarður og kom í stað hinnar gömlu litlu bryggju sem samhliða var rifin þar sem hún var úr sér gengin. Um er að ræða 170 metra viðlegu með allt að 6,2 metra dýpi. Samhliða jókst athafnasvæði hafnarinnar.
- Suðurgarður
 - Viðlegukantur 40 metrar, dýpi 5,5 metrar.
 - Viðlega smábáta: 60 metra löng flotbryggja, 3 metra breið, dýpi 2,5 metrar, og önnur 50 metra löng flotbryggja.

Alls hefur Grundarfjarðarhöfn 585 metra viðlegu fyrir stærri skip og 110 metra viðlegu fyrir smábáta.

Aðstaða fyrir skemmtiferðaskip og farþega.

Aðstaða hefur verið byggð upp til að geta þjónustað gesti skemmtiferðaskipa sem best. Flotbryggja með landgangi er á nýrri uppfyllingu á milli Norðurgarðs og Miðgarðs sem einkum nýtist farþegum sem ferjaðir eru í land af skipum sem liggja fyrir akkerum á firðinum, sjá á vef hafnarinnar:

<https://grundport.is/hofnin/#>

Mörk hafnar má sjá á korti sem fylgir í viðauka 13.6.

Viðbragðsáætlun Grundarfjarðarhafnar vegna bráðamengunar fylgir í viðauka 13.6.a

Samningur á milli SG og Grundarfjarðarhafnar, sjá fylgiskjal 13.6.b

Grunnbúnaður til viðbragðs við mengunarslysum er í sameiginlegri kerru á Snæfellsnesi sem hefur ekkert verið uppfærð. En síðan er leitað til Samhæfingarstöðvar/höfuðborgarsvæðis ef frekari búnaður eða mannafla er þörf, sbr. samning við SHS, sjá viðauka 13.7.



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

Slökkviliðið kemur að slökkvistarfi á hafnarsvæði ef eldur er laus, ásamt viðbragði við mengun (olíumengun/spilliefni) á landi.

Slökkvilið Grundarfjarðar sér um slökkvistarf, brunavarnir og mengunarslys á hafnarsvæðum (á landi) eftir nánari samkomulagi við hafnaryfirvöld í Grundarfirði. En síðan er leitað til Samhæfingarstöðvar/höfuðborgarsvæðis ef frekari búnaðar eða mannafla er þörf.

Slökkviliðið sér um slökkvistarf í skipum og bátum séu þau bundin við bryggju. Ljóst er að við slíkar aðstæður þarf að kalla eftir aðstoð nágrannasveitarfélaga samkvæmt samningi. Froðubirgðir eru takmarkaðar á svæðinu og yrði að kalla eftir frekari froðu í gegnum Neyðarlínu / samhæfingarstöð. Olíudreifing er með í gámum froðubirgðir sem fljótlegt er að setja upp á gámabíl. 18.000 lítrar eru í birgðastöðinni í Örfirisey, 9000 lítrar eru í Straumsvík og 9000 lítrar á Akureyri.

Ekki er til samningur um þetta en unnið verður í því að koma honum á á árinu 2022/2023.

Landhelgisgæslan er ábyrg fyrir brunum í skipum á sjó. Hvorki mannskapur né búnaður slökkviliðsins er tryggður úti á sjó og því sinnir slökkviliðið þeim þætti ekki.



10. Samkomulag, samningar og samningaþörf

SG býr að góðu samstarfi við aðila sem koma að starfsemi SG á einn eða annan hátt. Ekki er í öllum tilfellum um formlegt samstarf að ræða. Stefnt er að því að milli flestra samstarfsaðila Slökkviliðs Grundarfjarðar séu til formlegir samstarfssamningar til þess að allir þekki sitt hlutverk þegar menn starfa saman. Samningar eru við eftirfarandi samstarfsaðila:

- Samningur um gagnkvæma aðstoð við slökkviliðin á Vesturlandi auk Reykhólahrepps, sjá viðauka 13.7.
- Almannaþarnir vegna aðildar SG í almannaþarnarkerfinu (ekki skriflegur samningur en þó formlegt samstarf í gegnum almannaþarnanefnd Vesturlands).
- Verktakasamningur í vatnsöflun (Bjarni Sigurbjörnsson haugtankur og dráttarvél).
- Grundarfjarðarhöfn, vegna mengunarvarna.
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) vegna mengunarvarna.

Samningaþörf:

- Björgunarsveitin Klakkur (unnið að samningi 2021).
- Almannaþarnir Vesturlands vegna hlutverks slökkviliðs í almannaþarnarkerfinu.
- Veitur ohf. vegna brunahana og vatnsveitu.

11. Annað

Fjarskipti og boðveitur. GSM samband í umdæminu er glöppótt víða á hringveginum um Snæfellsnes. TETRA-kerfið er mikil bót og þekur yfirgrípsmeira svæði en GSM kerfið. ADSL tengingar eru í öllum þéttbýlisstöðum. Ljósleiðari er um svæðið en engin varaleið. Björgunarsveitirnar munu áfram verða með VHV kerfið. Sendingar útvarps eru yfirleitt góðar en umhugsunarvert er að sífellt færri eru með tæki sem hafa langbylgju.

Fjarskiptasendar á Grundarfjarðarsvæðinu:

- UHF / VHF (Akurtraðir) 23. 486-489 MHz og 25. 502-510 MHz 5 . N4
- UHF+VHF (Lárkot og Klakkur)



12. Tillögur til úrbóta og framkvæmdaáætlun

12.1 Húsnæði og aðstaða

Húsnæði SG er í góðu ásigkomulagi og hýsir vel búnað liðsins. Áhaldahús (eignaumsjón) er einnig á sömu grunnhæð byggingar og er samnýtt, tankbíllinn er geymdur þar inni. Salernisaðstaða er í rýminu og sturtur.

Aðstaða er í sundlaug sem slökkviliðsmenn hafa aðgang að. Sömuleiðis fá þeir aðgang að líkamsrækt í sama húsi, samkvæmt ákvæðum kjarasamninga.

12.2 Bifreiðar

Bifreiðar liðsins eru í góðu ásigkomulagi, viðhald og endurnýjun bifreiða þarf að miðast við eðlilegar afskriftir sveitarfélagsins á tækjum og búnaði. Unnið er að skýrari afskriftareglum um tæki og búnað SG hjá sveitarfélaginu og verður því lokið árið 2022.

Þrátt fyrir að búið sé að kaupa tankbíl verður samningur um aðgengi að haugsugu og dráttarvél viðhaldið. (sjá viðauki 13.7)

12.3 Menntun og búnaður

Menntun slökkviliðsmanna hjá SG er góð og verður viðhaldið. Í dag hafa þeir tekið bóklegt og verklegt nám hjá Brunamálaskólanum og einnig farið yfir æfingar. Viðhalda þarf endurmenntun slökkviliðsmanna. Gera þarf slökkvíáætlanir fyrir allar stærri áhættur. Ljúka við gerð samninga við samstarfsaðila. Viðhalda og bæta hlífðarfátnað slökkviliðsmanna (samkv. reglugerð um hlífðarfátnað slökkviliðsmanna nr. 914/2009). Halda áfram að byggja upp og viðhalda slöngu- og barkaeign. Bæta við TETRA stöðvum. Viðhalda smærri búnaði/verkfærum liðsins. Viðhalda reglulegum þol- og þrekprófunum slökkviliðsmanna.

Menntunarstöðu slökkviliðsmanna má sjá í viðauka 13.4.



12.4 Framkvæmdaáætlun

Á árinu 2022

- Endurnýjun hlífðarfatnaðar (tveir gallar + hjálmar og undirföt)
- Viðhaldið eldri slöngulögnum og bætt við
- Yfirfara og endurnýja fjarskiptabúnað
- Bæta við einni tetrastöð/endurnýjun
- Samningagerð við samstarfsaðila
- Fjárfesta þarf í eiturefnagöllum 2 stykki lágmark
- Viðhalda menntun/endurmenntun liðsmanna/æfingar
- Kaupa þarf sundlaug/vatnsgeymslulaug

Á árinu 2023

- Endurnýjun á hlífðarfatnaði (tveir gallar + hjálmar og undirföt).
- Viðhaldið eldri slöngulögnum og bætt við.
- Auka við froðubirgðir slökkviliðsins
- Kaupa mengunarvarnabúnað, (lekastopp, strappa, púða, og auka við uppsogsefni).
- Viðhald á fjarskiptabúnaði liðsins.
- Endurnýjun á eiturefnagöllum (tveir gallar)
- Viðhalda menntun/endurmenntun liðsmanna/æfingar.
- Lausabúnaði viðhaldið.

Á árinu 2024

- Endurnýjun á hlífðarfatnaði (tveir gallar + hjálmar og undirfatnaður).
- Viðhaldið eldri slöngulögnum og bætt við.
- Viðhald á fjarskiptabúnaði liðsins.
- Viðhalda menntun/endurmenntun liðsmanna/æfingar.
- Lausabúnaði viðhaldið.
- Huga þarf að kaupum á nýjum slökkvibíl (Stórum pallbíl með one seven kerfi)

Á árinu 2025

- Endurnýjun á hlífðarfatnaði (tveir gallar + hjálmar og undirfatnaður).
- Viðhaldið eldri slöngulögnum og bætt við.
- Viðhald á fjarskiptabúnaði liðsins.
- Leita þarf eftir tilboðum með kaup á nýjum bíl
- Viðhalda menntun/endurmenntun liðsmanna/æfingar.
- Lausabúnaði viðhaldið



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

Á árinu 2026

- Endurnýjun á hlífðarfatnaði (tveir gallar + hjálmar).
- Viðhaldið eldri slöngulögnum og bætt við.
- Viðhald á fjarskiptabúnaði liðsins.
- Viðhalda menntun/endurmenntun liðsmanna/æfingar.
- Endurnýjun á lausabúnaði.
- Kaup á nýjum bíl með one seven slökkvikerfi



12.5 Dreifilisti

- Almannavarnanefnd Vesturlands
- Sýslumaðurinn á Vesturlandi
- Neyðarlínan
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
- Slökkviliðsstjórinn Snæfellsbæ
- Slökkviliðsstjórinn Stykkishólmsbæ
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands – heilbrigðisfulltrúi
- Samningsbundnir samstarfsaðilar

12.6 Heimildir

- Áhættumat bygginga er unnið úr gögnum eldvarnaeftirlits
- [Lög um brunavarnir og brunamál nr. 75/2000 m.s.br.](#)
- Ýmsar reglugerðir, tilgreindar.
- [Leiðbeiningar HMS um gerð brunavarnaáætlana sveitarfélaga](#)
- [Aðalskipulag Grundarfjarðar 2019-2039](#)
- Veitur ohf. (vatnsverndarsvæði)
- <https://grundport.is/hofnin/#>




13. Viðaukar/fylgiskjöl með Brunavarnaáætlun





13.1 Útkallstími



10 mín

20 mín

SG er hlutastarfangandi slökkvilið og er því miðað við að fyrsti bíll sé farinn úr stöð innan fimm mínútna frá því að útkall berst.

Viðbragðstíma er skipt upp í tvö tímabelti og flokka (sjá mynd). Í fyrra tímabeltinu, flokk I, eru aðgerðir hafnar innan 10 mínútna frá boðun (grænt) og í tímabelti tvö, flokk II, eru aðgerðir hafnar innan 20 mínútna (gult).

Þessi tímabelti eru sýnd á meðfylgjandi korti (viðauki 1.).



13.2 Útkallssvæði / Vatnsverndarsvæði





Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

13.3 Skoðunarskylda eldvarnaeftirlits

Heiti	Grein	Tegund starfsemi	Heimilisfang	2 x á ári	Árlega	3ja hvert ár
Framnes (nú Hótel Kirkjufell)	6,2	Hótel	Nesvegi 6		X	
Fellaskjól	6,2	Dvalarheimili	Hrannarstíg 18		X	
Hostel	6,2	Gistiheimili	Hlíðarvegur 15 og Borgarbraut 9		X	
Kvíabryggja	6,2	Fangelsi	Kvíabryggja		X	
Græna kompaníð	6,3	Veitingahús	Hrannarstíg 5		X	
Kaffi 59	6,3	Veitingahús	Grundargötu 59		X	
Samkaup - Kjörbúðin	6,3	Verslun og veitingasala	Grundargötu 38		X	
Blossi/Snæpvottur	6,3	Verslun/pvottahús/efnalaug	Grundargata 61		X	
Sólvellir	6,4	Leikskóli	Sólvellir 1		X	
Grundarfjarðarbær, ráðhús	6,5	opinber stofnun	Borgarbraut 16		X	
Suður-Bár	6,2	Bændagisting	Dreifbýli		X	
Setberg	6,2	Bændagisting	Dreifbýli		X	
Hálsaból	6,2	Sumarhús	Dreifbýli		X	
Grunnskóli Grundarfjarðar	6,4	Grunnskóli	Borgarbraut 19		X	
FSN	6,4	Fjölbautaskóli	Grundargötu 44		X	
Fisk Seafood	6,7	Fiskverkun	Nesvegi 4		X	
Guðmundur Runólfsson	6,7	Fiskverkun	Sólvellir 2		X	
Soffanías Cecilsson	6,7	Fiskverkun	Borgarbraut 1		X	
Snæfellsnes /rútuferðir	6,7	Bilaverkstæði, gestamóttaka	Sólvellir 5		X	
Klifurfell	6,7	Klifurhús	Sólvellir 8		X	
Gráborg	6,7	Trésmiðja	Nesvegur 21		X	
Íþróttahús Grundarfjarðar	6,3	Íþróttahús	Borgarbraut 17		X	
Vélsmiðja Grundarfjarðar	6,7	Vélsmiðja	Ártúni		X	
Ragnar og Ásgeir, flutningar	6,7	Vörumótaka og verkstæði	Sólvöllum 7		X	
Berserkseyri	6,9	lögbýli	Dreifbýli			X
Kolgrafir	6,9	lögbýli	Dreifbýli			X
Eiði	6,9	lögbýli	Dreifbýli			X
Vindás	6,9	lögbýli	Dreifbýli			X
Hamrar	6,9	lögbýli	Dreifbýli			X
Setberg	6,9	lögbýli	Dreifbýli			X
Suður-Bár	6,9	lögbýli	Dreifbýli			X
Vatnabúðir	6,9	lögbýli	Dreifbýli			X
Skallabúðir	6,9	lögbýli	Dreifbýli			X
Naust	6,9	lögbýli	Dreifbýli			X
Nýjabúð	6,9	lögbýli	Dreifbýli			X
Kverná	6,9	lögbýli	Dreifbýli			X
Háls	6,9	lögbýli	Dreifbýli			X
Mýrar	6,9	lögbýli	Dreifbýli			X
Berg	6,9	lögbýli	Dreifbýli			X
Lág	6,9	lögbýli	Dreifbýli			X



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

Í [reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017](#), 19. gr., er að finna leiðbeiningar um skoðunarskyldu. Þar segir:

Eldvarnareftirlit skal haft með mannvirkjum, lóðum og starfsemi þar sem eldhætta getur skapast og ógnað lífi, heilsu, umhverfi og eignum.

Eftirfarandi mannvirki, lóðir eða starfsemi eru skoðunarskyld af hálfu eldvarnareftirlits slökkviliðs eða eftir atvikum háð eigin eftirliti eiganda, sbr. 26. gr.:

- a. Þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast og/eða þar sem hætta er á stórfelldu manntjóni í eldsvoða,*
- b. þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta, þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða eða þar sem eldsvoði getur haft alvarlegar samfélagslegar afleiðingar,*
- c. allar byggingar í notkunarflokki 4, 5 og 6 skv. ákvæðum byggingarreglugerðar,*
- d. mikilvægar menningarsögulegar byggingar og mannvirki,*
- e. annað atvinnuhúsnæði og opinberar byggingar sem slökkviliðsstjóri telur nauðsynlegt að sæti reglubundnu eldvarnareftirliti.*

Eldvarnareftirlit skv. 2. mgr. skal framkvæmt með eftirfarandi tíðni:

- a. Mannvirki sem falla undir a-, b- og c-lið 2. mgr.: að lágmarki einu sinni á ári.*
- b. Mannvirki sem falla undir d- og e-lið 2. mgr.: skoðun að lágmarki fjórða hvert ár.*

Slökkviliðsstjóri getur ákveðið að í stað árlegrar eftirlitsskoðunar á mannvirkjum sem falla undir a-lið 2. mgr. sé framkvæmt átaksverkefni þar sem slökkviliðið skoðar eingöngu einn eða fleiri fyrirframákveðna þætti brunavarna fyrir sambærileg mannvirki.

Slökkviliðsstjóri metur og heldur skrá um hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi á hans starfssvæði falla undir skoðunarskyldu þessarar greinar. Við það mat skal slökkviliðsstjóri m.a. byggja á leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar. Skráin skal birt í brunavarnaáætlun og uppfærð a.m.k. einu sinni á ári á vefsíðu viðkomandi slökkviliðs eða sveitarfélags.



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

13.4 Staða menntunar slökkviliðsmanna SG.

	Fjarnám	Menntunarskrá						stjórnend	þjálfun st	Fjarn Verkl	Sjúkrafl
		slm 1	slm 2 fyr	slm 2	slm 3	slm 4					
Aðalsteinn Jónsson	X										
Dominik Bajda											Grunnnám
Einar Þór Jóhannsson	X										
Eyþór Garðarsson											Neyðarflutn.
Garðar Svansson		x	x	x	x	x					
Guðmundur Reynisson	X				X	X	X		X		
Jón Pétur Pétursson	X										
Júlíus Freysson											
Magnús Jónsson	X	X			X	X			X		Grunnnám
Markús Ingi Karlsson	X								X		
Marínó Ingi Eyþórsson	X				X	X					Neyðarflutn.
Óskar Sigurðsson		X	X	X	X	X	X				
Óttar Guðlaugsson		X	X	X	X	X					
Samúel Pétur Birgisson	X				X	X			X		
Símon Grétar Rúnarsson	X										
Svavar Áslaugsson											
Sveinn Bárðarson	X										
Sölvi Óskarsson	X	X							X		Grunnnám
Tómas Freyr Kristjánsson	X	X			X	X			X		Neyðarflutn.
Valgeir Þór Magnússon		X	X	X	X	X	X				

Á árinu 2021 taka a.m.k. fjórir menn verklegt próf eftir að hafa lokið fjarnámi, einnig eru tveir sem fara í stjórnendanám og tveir klára eldvarnaeftirlitið. Annað fer eftir framboði og eftirspurn.

Leitast verður eftir að mennta menn sem allra best.



13.5 Æfingaáætlun fyrir SG

Slökkviliðsstjóri SG útbýr æfingaáætlun til eins árs í senn og kynnir fyrir slökkviliðsmönnum.

Æfingar miðast við það þjónustustig sem SG veitir. Æfingafjöldi á ári er 21 æfing.

Æfingar eru haldnar tvisvar í mánuði.

- 1. miðvikudag í mánuði er hefðbundin æfing (stuðst við æfingabók Brunamálaskólans)
- 3. miðvikudag í mánuði er reykköfunaræfing.

Engar æfingar eru í júlímánuði og einnig er sleppt fyrstu æfingu í ágúst. Er það vegna sumarleyfa.

Æft er með hliðsjón af æfingahandbók (leiðbeiningarhefti) Brunamálaskólans (2006) og hún nýtt til stuðnings í faglegri uppbyggingu æfinga. Í bókinni eru 33 tillögur að æfingum sem setja má upp og nýtir SG sér þær til æfingauppsetninga. Með því móti er leitast við að ná yfir alla þætti slökkvistarfsins bæði verklega og bóklega.

Á æfingum er m.a. farið yfir:

Vatnsöflun	Dælingar	Slöngulagnir
Húsabruna	Bílabruna	Gróðurbrunar
Reykköfun heit/köld	Reyklosun	Vettvangsskoðanir
Stjórnun	Fjarskipti	Öryggismál
Klippuvinna/umferðaróhöpp	Mengunarslys	Stigar & bönd
Brunar í atvinnuhúsnæði	Brunar í skólahúsnæði	Slökkvistarf í skipum

Brunar á lögbýlum

Allar æfingar eru skráðar í bók hjá slökkviliðsstjóra. Þar er tiltekinn sá fjöldi slökkviliðsmanna sem mætir á æfinguna og í hverju æfingin felst.

Æfingaáætlun

Janúar	Reykköfun heit/köld	Vatnsöflun
Febrúar	Reykköfun heit/köld	Öryggismál /Búnaður
Mars	Reykköfun heit/köld	Stigar og bönd
Apríl	Reykköfun heit/köld	Dælingar
Mái	Reykköfun heit/köld	Klippuvinna/umferðaróhöpp/ gróðurbrunar
Júní	Reykköfun heit/köld	Skip
Júlí		
Ágúst		
September	Reykköfun heit/köld	Mengunarslys
Október	Reykköfun heit/köld	Slöngulagnir
Nóvember	Reykköfun heit/köld	Húsabrunar
Desember	Reykköfun heit/köld	Fjarskipti



13.6 Grundarfjarðarhöfn



13.6.a Mengunarvarnaáætlun Grundarfjarðarhafnar

Vefsíða Grundarfjarðarhafnar
<https://grundport.is/>



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

13.6.b.



Grundarfjarðarhöfn

Samningur

um aðstoð slökkviliðs

Slökkvilið Grundarfjarðar og Grundarfjarðarhöfn gera með sér svohljóðandi samning um aðstoð slökkviliðs vegna mengunaróhappa.

1.gr

Samningnum er ætlað að styrkja viðbragð og framkvæmd mála vegna bráðamengunar á sjó og landi og tryggja að brugðist sé við á viðeigandi hátt þegar bráðamengun verður á starfssvæði hafnarinnar sem skilgreind er í 9.gr hafnarreglugerðar fyrir Grundarfjarðarhöfn nr.1030/2005

2.gr

Hafnarstjóri eða starfsmaður í umboði hans skv. ákvæðum viðbragðsáætlunar við bráðamengun Grundarfjarðarhafnar, getur falið slökkviliðsstjóra stjórn á vettvangi við bráðamengunaróhöpp á starfssvæði Grundarfjarðarhafnar samkvæmt heimild í 6.mgr. 14.gr laga nr.33/2004 með síðari breytingum.

3.gr


Höfnin skal að lágmarki eiga og reka mengunarvarnabúnað í samræmi við flokkun hafna og áhættumat hennar samkvæmt 1.mgr 19.gr laga nr. 33/2004. Slökkviliði Grundarfjarðar er með samningi þessum veittur fullur aðgangur að búnaði þessum sem tiltækur er hverju sinni í samráði við hafnaryfirvöld. Umsjón-, ábyrgð- og viðhald þessa búnaðar skal vera í höndum Grundarfjarðarhafnar.


4.gr

Samningur þessi er ótímasettur og heldur sínu gildi þar til honum er sagt upp af öðrum hvorum aðila. Uppsagnarfrestur er 3. Mánuðir og skal vera skriflegur.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og skulu samningsaðilar halda hvor sínu eintakinu og telst hvort um sig fullgilt frumrit samningsins.

Grundarfirði 27.01.2021


Slökkvilið
F.h. Slökkviliðs Grundarfjarðar


Hafnarstjóri
Grundarfjarðarhafnar
F.h. Grundarfjarðarhafnar



13.7 Samstarfssamningar

Samningur um gagnkvæma aðstoð slökkviliða

Samningur þessi er milli Slökkviliðs Stykkishólms og nágrennis, Slökkviliðs Grundarfjarðar, Slökkviliðs Snæfellsbæjar, Slökkviliðs Dalabyggðar, Slökkviliðs Reykhólahrepps, Slökkviliðs Borgarbyggðar og Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar.

Markmið samningsins er að nýta þau tæki og þann mannafla sem slökkviliðin hafa yfir að ráða með gagnkvæmri aðstoð við slökkvistörf ef um meiriháttar eldsvoða eða dreifibruna er að ræða.

Aðilar samnings þessa eru sammála um að veita aðstoð í samræmi við samkomulag sem hér fer á eftir.

1. gr.

Telji yfirmaður slökkviliðs sem er aðili að samningi þessum rétt að óska eftir aðstoð annarra samningsaðila er honum það heimilt. Skal þá vakthafandi yfirmaður þess slökkviliðs sem leitað er til gera eftirtaldir ráðstafanir:

- a) Leggja mat á hvort lið hans sé aflögufært um tæki og mannafla til að verða við beiðninni.
- b) Ákveða hvaða tæki og mannafla væri árangursríkast að senda.
- c) Sendir tæki og mannafla þegar í stað á brunastað með skýrum fyrirmælum samkvæmt fyrirfram gerðum áætlunum og reglum um framkvæmd aðstoðar sem slökkviliðsstjórar viðkomandi slökkviliða hafa gert sín á milli.

2. gr.

Slökkviliði er ekki skylt að veita aðstoð samkvæmt ákvæðum þessa samnings ef mat skv. a) lið 1. greinar leyfir það ekki. Tilkynna skal slíkt þegar í stað yfirmanni slökkviliðs sem aðstoðar óskaði.

3. gr.

Hver aðili samnings þessa afsalar sér öllum rétti til bóta af öðrum aðilum samningsins vegna tjóns er verða kann við framkvæmd hans, s.s. eignatjóns, slysa á mönnum eða andláts. Öll aðstoð sem látin er í té samkvæmt samningi þessum skal vera án endurgjalds af hálfu aðila.

4. gr.

Stjórnandi þess slökkviliðs sem óskar aðstoðar skal stjórna öllum aðgerðum á brunastað og bera fulla ábyrgð á þeim (sbr. þó 3. gr.). Skal honum heimilt að fela yfirmanni slökkviliðs sem aðstoð veitir, stjórn á ákveðnum aðgerðum með hans samþykki.

5. gr.

Yfirmenn og slökkviliðsmenn í slökkviliðum samningsaðila eru hvattir til að kynna sér starfsemi og aðstæður hvers samningsaðila m.a. með tilliti til öryggisreglna og eldvarna. Samningsaðilar hvetja til, eftir því sem æskilegt getur talist að haldnar séu sameiginlegar æfingar.

6. gr.

Slökkviliðsstjórar samningsaðila skulu í sameiningu vinna að gerð nákvæmra áætlana og samstarfsreglna sem nauðsynlegar eru til að framkvæma þennan samning. Áætlanir og samstarfsreglur taka gildi milli aðila jafnskjótt og þær hafa verið undirritaðar.

OS
AA

AA
AA



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Grundarfjarðar

7.gr.

Samningur þessi tekur gildi er hann hlýtur staðfestingu allra sveitarstjórna samningsaðila. Samningurinn gildir að fullu þar til samningsaðilar komast að samkomulagi að fella hann úr gildi. Einnig geta samningsaðilar sagt samningum upp skriflega með 90 daga fyrirvara.

Stykkishólmi, 17. febrúar 2010


Stykkishólmi Stykkishólms og nágrennis
 **Bæjarstjórnin**
Grundarfjarði

Slökkvilið Grundarfjarðar


Slökkvilið Snæfellsbæjar


